

12. fundur sveitarstjórnar Fljótisdalshrepps, Végarði 7.3. 2023, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Halla Auðunardóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Kjartan Benediktsson, Lárus Heiðarsson oddviti og Helgi Gíslason sveitastjóri. Skúli Björn Gunnarsson mætti undir lið 1.

Samþykkt að taka inn undir lið 7. f. fundargerð frá Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 28.02.2023

Dagskrá:

1. Gunnarsstofnun, skýrsla um samstarfssamning.
2. Óbyggðasetrið, skýrsla um samstarfssamning.
3. Gjaldskrá.
4. Sala á Gistihúsinu við Végarð
5. Orkumál
6. Slökkvibúnaður
7. Fundargerðir:
 - a. Skípulags-og byggingarnefndar 24.2.2023
 - b. Almannafræðingurinn 27.2.2023
 - c. Stjórnar samtaka orkusveitarfélaga 22.2.2023
 - d. Stjórnar samtaka orkusveitarfélaga 27.2.2023
 - e. Stjórnar skólaskrifstofu Austurlands 27.12.2022
 - f. Samband íslenskra sveitarfélaga 28.02.2023

8. Erindi um Fjórðungsmót hestamanna 2023

9. Skýrsla sveitarstjóra

10. Önnur mál:

1. Gunnarsstofnun, skýrsla um samstarfssamning.

Skúli Björn kynnti skýrsluna um samstarfssamning, kom inná eftirtalda þætti: Áfangastaðurinn Austurland, Ferðaklasi á Upphéraði, Hengifoss, hátíðir og Fögur framtíð í Fljótisdal. Einnig fór hann lauslega yfir stöðuna hjá Skógarafurðum. Skúli Björn vék af fundi kl:14:26.

2. Óbyggðasetrið, skýrsla um samstarfssamning.

Dagskrárlið frestað.

3. Gjaldskrá

Kynnt og samþykkt nema gjaldskrá vegna framkvæmdaleyfis þarf að skoða nánar og málinu vísað til Skipulags og byggingarnefndar.

4. Sala á Gistihúsinu við Végarð

Sveitastjóra falið að setja sig í samband við fasteignasölu á Egilsstöðum vegna sölu á Fljótsdalsgrund.

5. Orkumál

Sveitastjórn samþykkir að taka undir meðfylgjandi bókun frá stjórn Sambands Orkusveitarfélaga:

Ríkisstjórn Íslands setti í stjórnarsáttmála sinn aðgerðir um orkuskipti og útfösun jarðefnaeldsneytis, þar sem grunnur er lagður að fullum orkuskiptum og að þeim verði náð eigi síðar en árið 2040.

Því er mikilvægt að ríkið meti stöðu á framleiðslu á raforku á Íslandi, áætli þörf til frekari framleiðslu og ákveði með hvaða móti og hvar skuli afla þeirrar orku út frá ýmsum þáttum svo sem umhverfislegum, samfélagslegum og efnahagslegum með Rammaáætlun eða öðru sambærilegu ferli.

Endurskoða þarf hverjar heimildir sveitarfélaga eigi að vera til gjaldtöku og eða álagningar gjalda og meta hvort leitast eigi við aðrar heimildir svo sem til skattaafsláttar eða samfélagsjóða eða annað sem hefur efnahagsleg áhrif fyrir sveitarfélög, ágóða landeigenda, bætur til fasteignaeigenda í grennd vegna virðisminnkunar, tryggingar vegna umhverfisskaða á framkvæmdar- og rekstrartíma og vegna niðurrifs að rekstrartíma liðnum og fleira.

Arður af nýtingu náttúruauðlinda til raforkuframleiðslu þarf að skiptast með sanngjörnum hætti milli þeirra sem eru hagaðilar við orkuvinnslu. Tryggja þarf með lögum að nærumhverfið þar sem orkan á uppsprettu sína, njóti efnahagslegs ávinnings sem mun styrkja byggð þar sem orkan verður til um allt land. Það er sanngirnismál að orkuvinnslan skili sambærilegum tekjum í nærsamfélagið eins og öll önnur atvinnustarfssemi gerir. Einnig þarf að breyta raforkulögum til að tryggja að dreifikostnaður raforku sé sá sami í dreifbýli og þéttbýli.

Stjórn Samtaka orkusveitarfélaga hvetur öll sveitarfélög á landsbyggðinni sem hafa orkumannvirki í nærumhverfi sínu, eða eru með hugsanleg virkjanaáform í farvatninu til þess að staldra við í skipulagsmálum virkjana á meðan sanngjörn skipting auðlindarinnar verður fest í lög.

Samþykkt að senda fulltrúa frá sveitafélaginu í fyrirhugaða fræðsluferð til Noregs um hagnýtingu vinds til orkuframleiðslu. Ferðin verður 25.-29. Apríl.

6. Slökkvibúnaður

Kjartan kynnti slökkvibúnað til að slökkva gróðurelda, höldum áfram að skoða þetta í samstarfi með fleiri aðilum. Stefnt á íbúafund um eldvarnar og öryggismál.

7. Fundargerðir:

- a. **Skipulags-og byggingarnefndar 24.2.2023**
Sveitastjórn samþykkir lið 2 í fundargerð. Kynnt
- b. **Almannavarna 27.2.2023**
Kynnt
- c. **Stjórnar samtaka orkusveitarfélaga 22.2.2023**
Kynnt
- d. **Stjórnar samtaka orkusveitarfélaga 27.2.2023**
Kynnt
- e. **Stjórnar skólaskrifstofu Austurlands 27.12.2022**
Kynnt
- f. **Samband íslenskra sveitarfélaga 28.02.2023**
Kynnt

8. Erindi um Fjórðungsmót hestamanna 2023

Sveitastjórn samþykkir að kaupa skilti, logo á plakat og fána kr. 100.000.

9. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitastjóri fór yfir stöðu vindorkumála í sveitarfélaginu.

Næsti sveitastjórnarfundur verður þriðjudaginn 11. Apríl kl: 13:30.

10. Önnur mál

Sveitastjóra falið að hafa samband við Örnú Silju Jóhannsdóttur vegna ljósmyndasýningar sem haldin var á Skriðuklaustri sl. haust, um að setja sýninguna upp í Végarði.

Sveitastjóra falið að hefja undirbúning á deiliskipulagsgerð á landi sveitarfélagsins neðan vegar við Végarð.

Fundi slitið kl: 18:00

Halla ritaði fundargerð í tölvu.